



## HEILSUSTYRKUR

Styrkur til heilsueflingar greiðist félagsmönnum Bergs einu sinni á hverju 12 mánaða tímabili. Styrkurinn getur numið allt að 75% af reikningsupphæð, þó að hámarki 25.000 kr. til félagsmanna er greiða til félagsins af launum yfir lágmarkstekjuviðmiði sjúkrasjóðs STF, sem nú er 413.733 kr.

Sé greitt af lægri launum skerðist greiðslan hlutfallslega.

Örorku- og ellilífeyrisþegar eru þó undanskildir frá þeirri reglu.

Til að öðlast rétt á greiðslu heilsustyrks þarf félagsmaður að hafa greitt til félagsins að lágmarki í 6 mánuði.

Styrkir skulu greiddir vegna óheftra aðgangskorta á opnunartíma viðurkenndra líkamsræktarstöðva, sundlauga og skíðasvæða. Einnig vegna ársgjalda golfklúbba eða annarrar sambærilegrar hreyfingar sem stunduð er með reglubundnum hætti og stjórn Bergs telur uppfylla almennar kröfur til heilsueflingar. Kort skulu gefin út á nafn félagsmanns og vera að lágmarki með þriggja mánaða gildistíma.

Við styrkveitingu skal framvísa reikningi með nafni og kennitölu félagsmanns sem staðfestir að greiðsla hafi verið innt af hendi.

Þannig samþykkt á stjórnarfundi Bergs 8. janúar 2018